

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 310/1996.

Vígús Andrésson

(sjálfur)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson ríkislögmaður)

Grunnskólar. Kennari. Ráðning. Starfsréttindi. Stjórnsýsla. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1996. Hann krefst þess, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur í auglýsta stöðu grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi kennsluárið 1992–1993 verði dæmd ólög-mæt. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 3.407.503 krónur, með 0,8% ársvöxtum af 2.094.996 krónum frá 1. ágúst 1993 til 1. september sama ár, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1994, en af 3.407.503 krónum frá þeim degi til 3. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál-ið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði, en með bréfi dómsmála-ráðuneytis 22. nóvember 1995 var honum veitt gjafsókn í héraði.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostn-aðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð stefnu-kröfu verði stórlega lækkuð.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi sótti um stöðu kennara við grunnskólann í Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, sem auglýst var sumarið 1992. Auk hans sótti um stöðuna Elfa Dögg Einarsdóttir. Áfrýjandi hefur full rétt-

indi sem grunnskólakennari, en Elfa Dögg var menntuð fóstura. Hún hafði starfað sem leiðbeinandi við skólann veturna 1990–1991 og 1991–1992. Skólanefnd grunnskólans mælti með Elfu Dögg í stöðuna, en þar sem hún hafði ekki kennararéttindi, var sótt um undanþágu fyrir hana til undanþágunefndar samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Ágreiningur varð í nefndinni, og var honum vísað til ráðherra samkvæmt 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra mun hafa heimilað ráðningu Elfu Daggar, en áritun hans um undanþágu er dagsett í ágúst 1993, meira en ári eftir að hún var ráðin.

Ákvæði 13. gr. laga nr. 48/1986 mæla fyrir um það, að óheimilt sé að ráða til kennslu í grunnskóla aðra en þá, sem uppfylla skilyrði laganna. Ákvæðin heimila þó nánar ákveðnar undanþágur frá þessu. Í áður tilvitnaðri 3. mgr. 13. gr. laganna er ákvæði um það, að mæli hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri með umsókn grunnskólakennara, geti skólastjóri leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild til að lausráða mann. Í 5. mgr. eru síðan fyrirmæli um úrskurð ráðherra, verði ágreiningur í nefndinni. Stefndi heldur því fram, að svo hafi staðið á, að enginn þeirra aðila, sem greinin tilnefni, hafi mælt með áfrýjanda, og hafi skólastjóri því leitað til undanþágunefndar. Undanþágubeiðnin hafi hlotið málefnalega umfjöllun á öllum stjórnarsýslustigum. Málflutningur áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður ekki skilinn öðruvísi en svo, að hann sé þessu ósamþykkur. Heldur hann því fram, að hann hafi verið beittur misrétti og brotið hafi verið á sér, þegar annar og óhæfari maður hafi verið tekinn fram yfir sig. Leitaði hann til kæruneftndar jafnréttismála, sem komst að sömu niðurstöðu og áfrýjandi í álitu sínu 28. júní 1993 og beindi því til skólanefndar Austur-Eyjafjallahrepps og skólastjórans, að fundin yrði lausn á máli þessu, sem kærandi gæti sætt sig við. Þá heldur áfrýjandi því fram, að fyrir hafi legið, að Elfa Dögg gæti ekki tekið við starfinu í upphafi skólaárs vegna slyss, sem hún varð fyrir 11. júlí 1992. Þá hafi þáverandi formaður skólanefndar blandað því inn í málið, að áfrýjandi ætti í stöðugum illdeilum við sveitunga sína og nyti því ekki trausts. Enn fremur hafi skólanefndarformaðurinn, eftir að úrskurður kæruneftndar jafnréttismála lá fyrir, haldið því fram, að

skólanefnd hafi verið um það kunnugt, að til rannsóknar væri ætluð refsiverð háttsemi áfrýjanda, einnig, að áfrýjandi hafi átt í harðvítugum forsjárdeilum. Fram er komið, að hér er á ferðinni einstakt mál að því leyti, að ekki hafi áður verið gripið til þess ráðs að heimila undanþágu frá starfsmenntunarskilyrðum, ef völ var á grunn-skólakennara með full réttindi.

II.

Með þeim rökum, sem um getur í niðurstöðu héraðsdóms, er nægilega fram komið, að kynferði áfrýjanda hafi ekki ráðið því, að hann var ekki ráðinn í stöðu kennara við grunnskólann í Skógum veturinn 1992–1993. Ósannað er, að hlutaðeigandi fræðslufirvöld hafi mátt gera sér grein fyrir því, þá er þau fjölluðu um stöðuna, að Elfa Dögg yrði ófær um að hefja störf í upphafi skólaárs.

Á það verður ekki fallist með héraðsdómi samkvæmt því, sem að framan er frá greint, að áfrýjandi beri ekki fyrir sig, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómál-efnalegum hætti eða á annan hátt, þannig, að með því kunni stjórn-sýslureglur að hafa verið brotnar. Verður því ekki undan því vikist að taka til umfjöllunar þær ástæður og aðferðir, sem skólayfirvöld hafa beitt við meðferð undanþágubeiðninnar og höfnun umsóknar áfrýjanda.

Í 34. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla, sem í gildi voru, þegar atburðir þessir gerðust, er það lagt á vald skólastjóra að ráða kennara í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Samkvæmt 19. gr. sömu laga er skólanefnd kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 varð skólastjóra ekki veitt heimild til að ráða Elfu Dögg, nema hvorki hann, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælti með áfrýjanda í stöðuna. Menntamálaráðherra bar því að kanna ástæður þessara aðila fyrir andstöðu þeirra við ráðningu áfrýjanda.

Í greinargerð Sigurðar Helgasonar, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, frá 16. apríl 1996 um störf undanþágunefndar grunnskóla kemur fram, að beiðni skólastjóra grunnskólans í Skógum kom fyrst fyrir fund nefndarinnar 22. júlí 1992, og hafi henni þá verið frestað, svo að unnt væri að afla frekari upplýsinga. Á fundi 28. júlí sama ár hafi erindinu enn verið frestað, og var næsti fundur boðaður 13.

ágúst. Á þeim fundi hafi legið fyrir, að umsagnaraðilar treystu sér ekki til að mæla með Vigfúsi af siðferðilegum ástæðum, og hafi sérstakur atburður verið tiltekinn í því sambandi. Sigurður kvaðst hafa kynnt ráðherra stöðu málsins fyrir fundinn, og hafi hann eftir vandlega athugun heimilað ráðningu Elfu Daggar. Varafulltrúi Sigurðar í undanþágunefnd hafi síðan komið í hans stað á fundinum 13. ágúst, og hafi þá undanþágubeiðnin verið afgreidd ásamt öðrum slíkum beiðnum. Í greinargerðinni segist Sigurður síðan hafa undirritað allar beiðnirnar nema undanþágu vegna Elfu Daggar, sem hafi farið til ráðherra til áritunar vegna sérstöðu málsins. Sigurður kom fyrir héraðsdóm og bar þá, að hann hefði það eftir Sigurði Sigurjónssyni, fyrrverandi skólanefndarformanni, að áfrýjandi hefði verið grunaður um siðferðilega ámælisvert athæfi, sem væri til opinberrar rannsóknar. Sjálfur hafi hann ekkert kannað þetta frekar. Ráðherrann hafi tekið sína afstöðu á grundvelli frásagnar skólanefndarformannsins. Fram hafi einnig komið hjá umsagnaraðilum, að foreldrar myndu ekki senda börn sín í skólann, ef áfrýjandi yrði ráðinn.

Með bréfi 29. janúar 1992 hafði fræðslustjóri Suðurlands óskað eftir því við sýslumann Rangárvallasýslu, að tekið yrði til opinberrar rannsóknar mál varðandi „rökstuddan grun um kynferðislega misnotkun“ gagnvart 15 ára unglingsstúlku. Blönduðust nokkrir menn í þessa rannsókn, og var áfrýjandi talinn hafa ekið þremur þessara manna ölvuðum heim af dansleik, og átti greind misnotkun meðal annars að hafa gerst í bifreiðinni í þessari ferð, án þess að áfrýjandi kæmi í veg fyrir það. Áfrýjandi kveðst hafa ekið mönnunum, en hafnar því, að nokkuð hafi fram farið í bifreiðinni, sem ámælisvert gæti talist. Gögn málsins bera með sér, að hann hefur sjálfur aldrei verið grunaður um slíkt athæfi, sem varð tilefni rannsóknarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins sendi ríkissaksóknara mál þetta til umsagnar 6. júlí 1992. Með bréfi ríkissaksóknara 31. ágúst 1992 var mál þetta fellt niður, og kemur fram í bréfinu, að við rannsóknina þótti það ekki hafa komið fram, sem nægjanlegt eða líklegt væri til sakfellis eins kærða. Þá þóttu gögn málsins eigi gefa tilefni til frekari aðgerða af hálfu ákærvalds á hendur öðrum, sem yfirheyrðir voru. Þeirra á meðal var áfrýjandi.

III.

Af framangreindri skýrslu Sigurðar Helgasonar og framburði hans verður ekki annað ráðið en sögusagnir um siðferðilega ámælisvert athæfi áfrýjanda hafi verið ákvörðunarástæða hans sem starfsmanns ráðuneytisins og jafnframt ráðherra fyrir því að heimila undanþágu til ráðningar Elfu Daggar og þannig orðið til þess, að áfrýjandi var ekki ráðinn. Ráðuneytið hefði á þessum tíma átt að geta fengið upplýsingar um, hvernig máli þessu var í raun háttað. Gefa hefði átt áfrýjanda tækifæri á að lýsa sinni hlið málsins, en ekki verður séð, að hann hafi vitað um þessa ástæðu undanþáguheimildarinnar, fyrr en eftir að kærunefnd jafnréttismála hafði fjallað um mál hans. Þessara atriða gætti ráðuneytið ekki. Mál þetta var sérstætt, og var því gildari ástæða til að kanna það gaumgæfilega. Áfrýjandi hefur reynslu sem kennari, og þykja fram lögð gögn ekki leiða annað í ljós en að kennsla hans hafi verið áfallalaus. Ráðherra þykir að þessu athuguðu ekki hafa sýnt fram á, að rannsókn hans á staðreyndum málsins hafi verið svo tryggileg sem krafist verður, og hafi hann þannig við afgreiðslu undanþágubeiðninnar brotið gegn almennum reglum um rannsóknarskyldu stjórnvalda, sem nú hafa verið lögfestar í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með þessu braut hann gegn þeim rétti, sem áfrýjandi hafði sem umsækjandi um stöðuna, og var ákvörðun ráðherra samkvæmt tilvitnuðum lögum nr. 48/1986 ekki málefnaleg. Forsjárdeilur, sem áfrýjandi kann að hafa átt í vegna barna sinna, geta samkvæmt efni sínu ekki komið til skoðunar við veitingu kennarastöðu, og deilur, sem áfrýjandi kann að hafa átt við hreppsnefnd um innheimtu gjalda til hreppsins, ekki að heldur. Ósannað er, að ráðning hans myndi hafa valdið almennri úlfúð í hreppnum. Skólayfirvöld verða því með tilvísun til framanskráðs talin hafa brotið rétt á áfrýjanda. Hins vegar hefur hann ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá ráðningu Elfu Daggar Einarsdóttur dæmda ólögmæta, en ráðning hennar varaði aðeins eitt skólaár.

Áfrýjandi krefst skaðabóta, sem samsvara tveggja ára launum. Krafa hans er sundurliðuð í héraðsdómi. Á hún stoð í útreikningi Kennarasambands Íslands. Tölulega hefur þeim útreikningi ekki verið mótmælt, en af hálfu stefnda er bent á, að skattframtöl áfrýjanda vegna viðkomandi gjaldára hafa ekki verið lögð fram þrátt fyrir áskoranir. Verði ekki séð, hvaða tekjur hann hafi haft þessi ár.

Áfrýjandi hefur því ekki sannað, að hann hafi beðið fjártjón. Hins vegar þykir hann hafa nægilega sýnt fram á, að afgreiðsla fræðslufirvalda á umsókn hans um kennarastöðuna við grunnskólann í Skógum hafi falið í sér hættu á verulegum álitshnekki fyrir hann, og eigi hann því rétt á bótum samkvæmt l. mgr. 264. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem í gildi var á þessum tíma, sbr. nú 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þótt stefndi beri ekki ábyrgð á störfum skólanefndar, en þaðan virðist upphaf máls þessa einkum komið, bar hann á þessum tíma ábyrgð á öðrum skólayfirvöldum og á því, að ráðherra gætti ekki rannsóknarskyldu sinnar nægjanlega. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda 300.000 krónur í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 3. október 1995 til greiðsludags. Vítur héraðsdómara á hendur lögmanni stefnda vegna ummæla í greinargerð fyrir héraðsdómi eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, eins og málið liggur þar fyrir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Vigfúsi Andréssyni, 300.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. október 1995 til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

S é r a t k v æ ð i Garðars Gíslasonar

Í stefnu í héraði er þess hvergi getið, að áfrýjandi reisi kröfur sínar á hendur stefnda á því, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómálefnalegum hætti eða á annan hátt þannig, að með því kynnu stjórnsýslureglur að hafa verið brotnar. Verður ekki séð, að áfrýjandi hafi borið fram þessa málsástæðu við meðferð málsins í héraði.

Að svo búnu tel ég, að staðfesta megi héraðsdóm með skírskotun

til forsendna hans. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 19. apríl sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 3. október sl.

Stefnandi er Vigfús Andrésson, kt. 280347-3379, Berjanesi, Austur-Eyja-fjallahreppi.

Stefndu eru menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkis-sjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að dæmt verði, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur, kt. 151261-5909, Álfaskeiði 42, Hafnarfirði, í auglýsta stöðu grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum, Austur-Eyja-fjallahreppi, kennsluárið 1992 – 1993 hafi verið ólögmæt og að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 3.407.503 kr., ásamt 0,8% árs-vöxtum af 2.094.996 kr. frá 1. ágúst 1993 til 1. september sama ár, en með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, en með 0,5% árs-vöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1994, en þá af 3.407.503 kr. frá þeim degi til þingfestingardags, 3. október 1995, en af 3.407.503 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist uppreiknings vaxta og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1994, en síðan árlega 1. ágúst í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Þá er krafist málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn 22. nóvember 1995.

Enn fremur krefst stefnandi þess, að setning, sem byrjar neðst á bls. 2 í greinargerð stefndu og endar á orðunum „það átölulaust“ efst á bls. 3, verði ómerkt, verði hún ekki dregin til baka. Þá krefst hann þess, að dæmd verði viðurlög, með vísan til 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli niður.

Málavextir.

Vorið 1992 voru auglýstar tvær stöður grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum. Annars vegar var um að ræða hlutastöðu, sem Auður Bergsteinsdóttir sótti um, en hins vegar heila stöðu, sem þau Elfa Dögg Einarssdóttir og stefnandi sóttu um.

Skólanefnd grunnskólans mælti með Elfu Dögg í heilu stöðuna, en þar eð hún hafði ekki réttindi sem kennari, var sótt um undanþágu fyrir hana til undanþágunefndar samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lög-verndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhalds-

skólakennara og skólastjóra. Ágreiningur varð í nefndinni, og var honum vísað til úrskurðar menntamálaráðherra. Í bréfi ríkislögmanns 20. mars 1995 segir, að ráðherra hafi tekið þá ákvörðun að heimila ráðningu Elfu Daggar, en ekki liggur fyrir skjalfestur úrskurður ráðherra.

Með bréfi 16. ágúst 1992 sendi stefnandi kærunefnd jafnréttisráðs Íslands kæru. Þar er þess krafist, að ráðning „leiðbeinandans verði ógilt“ og að viðurkennt verði, að stefnanda hafi borið og beri staðan. Enn fremur áskildi stefnandi sér rétt til skaðabóta.

Kærunefnd kvað upp úrskurð í málinu 28. júní 1993, og varð sú niðurstaða hennar, að stefnandi hefði verið hæfari til að gegna umræddu starfi og ráðning Elfu Daggar brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr., 1. gr. og 5. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með vísun til 20. gr. sömu laga beindi kærunefnd þeim tilmælum til skólanefndar og skólastjóra, að fundin yrði lausn á málinu, sem stefnandi gæti sætt sig við.

Með bréfi 11. júlí 1993 beindi stefnandi því til fræðslustjóra Suðurlands, að fundin yrði úrlausn í máli sínu og sér boðið kennslustarf, sem hann gæti sætt sig við. Með bréfi fræðslustjórans 12. ágúst 1993 var stefnanda greint frá því, að menntamálaráðuneytið hefði þegar gert fyrirspurn til skólastjóra og skólanefndar um, á hvern hátt þessir aðilar hygðust bregðast við niðurstöðu kærunefndar. Með tilliti til þessa myndi fræðslustjóri ekkert aðhafast í málinu að svo stöddu.

10. september 1993 sendi stefnandi skólanefnd grunnskólans í Skógum bréf og menntamálaráðuneytinu samrit þess. Í bréfinu er áréttuð fyrirspurn ráðuneytisins og að brýnt sé að fá svar við fyrirspurnum og úrlausn fyrir lok september 1993. Engin svör, úrlausn eða tillögur til úrbóta bárust frá ráðuneyti eða skólanefnd.

Með bréfi 26. nóvember 1993 krafði stefnandi stefndu um skaðabætur.

Vorið 1994 var enn auglýst staða grunnskólakennara við grunnskólann í Skógum, og sótti stefnandi þá um stöðuna auk fimm annarra. Stefnandi fékk ekki stöðuna og ekki heldur stöðu, sem hann sótti um vorið 1994 við grunnskólann í Vestur-Landeyjahreppi.

Stefnandi krafði menntamálaráðherra um skaðabætur með bréfi 18. október 1994, en með bréfi ríkislögmanns 20. mars 1995 var kröfu hans hafnað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að með ráðningu Elfu Daggar Einarsdóttur hafi verið gengið fram hjá sér með grófum hætti og réttur sinn brotinn. Óumdeilt sé, að hún hafi ekki fullnægt þeim menntunarskilyrðum sem kraf-

ist hafi verið, til þess að hún gæti starfað sem grunnskólakennari. Heimild undanþágunefndar breyti engu þar um.

Stefnandi sé hins vegar kennaramenntaður og hafi full réttindi til þess að starfa sem grunnskólakennari. Hafi hann keypt sér löggildingu til þess að mega kallast grunnskólakennari árið 1988. Hann hafi starfað sem grunnskólakennari á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði, Þingborg í Árnessýslu, við Njálsbúðarskóla í Vestur-Landeyjum og við Sólgarðsskóla í Eyjafjarðarsveit og hafi því viðtæka reynslu sem grunnskólakennari. Í athugasemdum og forsendum kærunefndar jafnréttismála komi fram, að eingöngu hafi verið um að ræða kvenkynskennara við grunnskólann í Skógum, en almennt sé talið heppilegt að blanda saman karlkyns- og kvenkynskennurum við grunnskóla.

Ein forsenda, sem hafi verið færð fram fyrir ráðningu Elfu Daggar, hafi verið sú, að hún hafi starfað næstliðin tvö ár áður við kennarastörf við grunnskólann í Skógum og leiðbeint yngstu nemendum við þróunarverkefni. Umrætt þróunarverkefni hafi hins vegar einungis falist í móðurmálskennslu fyrir yngstu nemendur skólans. Sú kennsla hafi á engan hátt verið sérfræðileg og því á færi allra menntaðra grunnskólakennara að leysa. Það sé enn fremur staðreynd, að Elfa Dögg hafi hvergi komið nærri umræddu þróunarverkefni í kennslu eftir ráðningu í stöðu grunnskólakennara í júlí/ágúst 1992 eða þann tíma, er hún starfaði sem kennari við grunnskólann í Skógum, en hún hafi látið af störfum vorið 1993.

Stefnandi bendir einnig á, að um mánaðamót júní/júlí 1992 hafi Elfa Dögg slasast mjög alvarlega. Þegar mælt hafi verið með ráðningu hennar í stöðu kennara 13. júlí 1992, hafi legið ljóst fyrir, hversu alvarlega hún hefði slasast. Hún hafi engu að síður verið ráðin. Þegar menntamálaráðuneytið hafi samþykkt ráðningu hennar 16. ágúst 1992, hafi verið ljóst, að hún gæti með engum hætti tekið við því starfi, sem verið var að ráða hana til, enda hafi Elfa Dögg verið frá vinnu allt árið 1992, komið til hlutastarfs eftir áramót 1992/1993 og látið af störfum að öllu leyti vorið 1993.

Stefnandi telur framangreind atriði sýna, að hann hafi verið hæfari starfskraftur en sá, sem ráðinn var.

Stefnandi kveðst enn fremur hafa verið beittur rangindum af hálfu skólastjóra grunnskólans í Skógum og formanns skólanefndar, þegar formaður skólanefndar hafi borið því við, að stefnandi ætti í stöðugum illdeilum við sveitunga sína og væri óhæfur til starfans af þeim sökum. Engar ástæður eða skýringar á þessum sjónarmiðum eða röksemdir hafa verið settar fram af hálfu formanns skólanefndar eða annarra þrátt fyrir tilmæli kærunefndar jafnréttismála um að fá fram þau sjónarmið af hálfu formanns nefndarinnar.

Stefnandi segir, að af hálfu skólanefndar hafi ekkert verið gert til þess að draga úr tjóni sínu. Hann hafi beðið stórfellt tjón af afgreiðslu nefndarinnar

og goldið þess að hafa verið hafnað sem umsækjanda og þess að hafa lagt mál sitt til úrskurðar fyrir kærunefnd jafnréttismála. Stefnandi hafi hvað eftir annað sótt um störf við grunnskóla á héraðssvæðinu án árangurs. Í þeim tilvikum hafi verið ráðnir aðrir umsækjendur með sambærilega menntun, en jafnvel minni starfsreynslu en stefnandi. Umrætt atvik hafi haft áhrif til einangrunar og dregið stórlega úr öllum möguleikum sínum til að fá stöðu kennara á svæðinu og nýta sér þá sérmenntun, sem hann hafi aflað sér. Þannig sé umrætt brot skólanefndar brot á almennum mannréttindum og persónurétti, svo sem niðurstaða kærunefndar jafnréttismála hafi staðfest með ótvíræðum hætti. Stefnandi hafi haft af því niðurlægingu og miska í heimahéraði, sem eigi verði við unað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1991 eigi konur og karlar jafnan rétt til vinnu. Samkvæmt 6. gr. laganna sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um ráðningu, setningu og skipun í starf. Með lögum nr. 48/1986 séu sett menntunarskilyrði, sem aðeins annar umsækjenda hafi fullnægt, þ. e. stefnandi. Við ráðningu í starf gildi sú meginregla, að ráða skuli þann umsækjanda, sem hæfastur sé, og samkvæmt lögum nr. 28/1991 skuli við mat á hæfni litið til menntunar, starfsreynslu o. fl., sbr. 8. gr. laga nr. 28/1991. Með ráðningu Elfu Daggar hafi verið brotið gegn 2. tl. 1. mgr. 6. gr., 1. gr. og 5. gr. laga nr. 28/1991.

Undir rekstri málsins hafði stefnandi uppi þá málsástæðu, að þar eð áritun menntamálaráðherra á beiðni um undanþágu fyrir Elfu Dögg sé dagsett 16. ágúst 1993, hafi undanþáguheimild eigi legið fyrir árið 1992.

Stefnandi krefst bóta sem samsvara tveggja ára launum, og sundurliðast krafan svo:

Höfuðstóll:

1. Grunnárslaun skv. kjarasamningi	kr.	2.020.680
2. Eingreiðslur o. fl., sbr. bréf K.Í., dags. 14.07.1994	–	90.758
3. Yfirvinna:		
a) stílapeningar	–	82.626
b) bekkjarumsjón	–	30.600
c) gæsla nemenda	–	80.000
4. Orlof	–	300.528
5. Lífeyrissjóður (6%)	–	156.311
	kr.	2.761.503
6. Miskabætur	–	650.000
Samtals	kr.	3.411.503

Stefnandi segir kröfugerðina eiga sér stoð í bréfi Kennarasambands Íslands til lögmanns síns 14. júlí 1994, þar sem sundurgreind séu árslaun og önnur laun miðað við taxtaskrá nr. 507, launatöflu nr. 50, frá 1. maí 1992.

Miskabótakrafa er rökstudd með því, að stefnandi hafi beðið álitshnekkii og tjón af broti skólanefndar við ráðningu í starf grunnskólakennara umrætt sinn. Hann hafi orðið að þola niðurlægingu með því að hljóta hvergi ráðningu í starf kennara og þurfa því að þiggja atvinnuleysisbætur. Jafnframt því þurfi hann að búa við þá niðurstöðu að vera „annars flokks kennari“ vegna framferðis skólanefndar grunnskólans í Skógum.

Stefnandi segir skaðabótakröfuna beinast að menntamálaráðherra fyrir hönd menntamálaráðuneytis sem yfirmanni menntamála á Íslandi og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Krafa sín eigi sér stoð í 21. og 22. gr. laga nr. 28/1991.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að ákvörðunin um ráðningu Elfu Daggar sem leiðbeinanda í stöðu grunnskólakennara hafi verið tekin með málfnalegum hætti og verið fyllilega lögmæt.

Þó að meginstefna laga nr. 48/1986 sé sú, að skipa, setja eða ráða skuli til kennslustarfa í grunnskóla einungis þá, sem heimild hafa til að nota starfsheitið grunnskólakennari, sé í 13. gr. laganna veitt undanþága frá þessari meginreglu. Undanþágunni sé settur þröngur stakkur í 3. mgr. 13. gr., þar sem þeim skilyrðum þurfi að vera fullnægt, að hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri hafi mælt með umsókn grunnskólakennarans. Ágreiningur hafi verið í undanþágunefndinni. Fulltrúi Kennarasambands Íslands hafi ekki getað mælt með ráðningu réttindalauss starfsmanns í stöðuna, þar sem hann hafi ekki talið, að gögn hafi verið lögð fram, er sýndu vanhæfni stefnanda. Þess vegna hafi þurft að leita eftir úrskurði menntamálaráðherra, sbr. 5. mgr. 13. gr. l. nr. 48/1986, og hafi hann samþykkt beiðni skólastjórans. Síðan hafi skólastjóri ráðið Elfu Dögg, sbr. 34. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991.

Stefndu segja fjölmargar ástæður hafa verið til þess, að Elfa Dögg hafi verið ráðin í starfið fremur en stefnandi. Þær ástæður komi kynferði ekkert við. Elfa Dögg sé fóstura að mennt og hafi haft starfsreynslu á því sviði. Hún hafi m. a. verið leikskólastjóri á leikskóla í Kópavogi í þrjú ár, en einnig hafi hún þá kennt við grunnskólann í Skógum undanfarin tvö ár. Hún hafi sinnt starfi sínu af áhuga og reynst mjög vel í starfi. Veturinn 1991 – 1992 hafi hafist þróunarstarf í móðurmálskennslu við grunnskólann, og hafi skólastjóri og skólanefnd talið það mikilvægt, að sömu starfsmenn héldu áfram með það starf. Jafnframt hafi legið fyrir undanþágunefnd bréf

frá stjórn Foreldrafélags Austur-Eyfellinga frá 3. ágúst 1992, þar sem fram hafi komið eindregin ósk um, að hún fengi undanþágu til kennslu næsta vetur.

Hvað varði stefnanda, hafi það legið fyrir hjá ráðuneytinu, að hvorki skólastjóri, skólanefnd, fræðslustjóri né Foreldrafélag Austur-Eyfellinga hafi viljað fá hann sem kennara. Stefnandi hafði áður verið kennari við Njálsbúðarskóla í Vestur-Landeyjum. Hann hafi sótt um framhald setningar við þann skóla, en ekki fengið, og hafi kona verið ráðin til starfans. Það hafi hann kært til kærufndar jafnréttismála. Á meðan stefnandi hafi starfað við Njálsbúðarskóla, hafi borist stöðugar kvartanir vegna kennslu hans, sbr. fram lagt bréf skólastjóra Njálsbúðarskóla 5. ágúst 1990. Enn fremur komi fram í bréfi fyrrverandi formanns skólanefndar til menntamálaráðuneytisins 14. mars 1995, að skólanefnd hafi verið kunnugt um, að til rannsóknar hafi verið ætluð refsiverð háttsemi stefnanda. Það mál muni hafa verið fellt niður hjá ríkissaksóknara. Í sama bréfi komi einnig fram, að stefnandi hafi átt í harðvítugum deilum um forræði yfir börnum sínum. Um þessi mál hafi skólanefnd, sveitungar og foreldrar nemenda í skólanum haft vitneskju og stefnandi ekki notið trausts þeirra til kennslustarfa við skólann. Sé bráðnauðsynlegt, að friður ríki um skólastarf og um gott samstarf að ræða.

Þegar menntamálaráðherra hafi tekið þá ákvörðun að samþykka ráðningu Elfu Daggar í stöðu grunnskólakennara, hafi legið fyrir meðmæli frá skólastjóra, skólanefnd og fræðslustjóra um ráðningu hennar. Ráðuneytinu hafi verið kunnugt um slys Elfu Daggar 11. júlí 1992, en vottorð um veikindi hennar hafi borist starfsmannaskrifstofu u. þ. b. tveimur vikum eftir, að ráðherra samþykkti ráðningu hennar.

Ráðning Elfu Daggar hafi ekkert komið kynferði við. Þegar reyni á 13. gr. laga nr. 48/1986, séu einmitt þau sjónarmið uppi, að annar umsækjandi hafi ákveðin réttindi, en hinn ekki, og sé því e. t. v. hæfari, hvað það atriði varðar. En af einhverjum öðrum ástæðum teljist hann ekki hæfari til starfsins. Ákvæði 13. gr. séu alveg óháð kynferði. Heimildum veitingavaldsins séu ekki settar aðrar og þrengri skorður hér, ef valið standi á milli karls og konu eða milli umsækjenda af sama kyni. Þeirri meginreglu megi ekki heldur gleyma, að vinnuveitandi hafi almennt frjálst val um það, hvern hann ráði til starfa.

Tilvitnun stefnanda til laga nr. 28/1991 eigi ekki við hér, því að ráðningin hafi ekki byggst á kynferði. Undirstöðuatriði í jafnrétti karla og kvenna sé það, að sérhver sá, sem sækir um starf, sé metinn út frá eigin forsendum án tillits til kynferðis. Nákvæmlega það hafi gerst, er Elfa Dögg hafi verið ráð-

in í starfið. Sönnunarbyrði fyrir því, að jafnstöðulögin hafi verið brotin, hvíli á stefnanda. Þær upplýsingar um stefnanda, sem hafi legið fyrir kærufnefnd jafnréttismála, hafi verið af skornum skammti. T. d. hafi hvorki legið fyrir nefndinni upplýsingar um klögumál á hendur stefnanda vegna fyrri starfa hans né um ætlaðan refsiverðan verknað hans.

Peirri málsástæðu stefnanda að fremur hefði átt að ráða sig en Elfu Dögg, vegna þess að fleiri konur störfuðu við skólann, er mótmælt. Slíkt geti verið skylt við sérstakar aðstæður og afstöðu til svonefndrar jákvæðrar mismununar kynjanna. Peirri skyldu sé ekki til að dreifa í lögum, og því fái þessi málsástæða ekki staðist.

Stefndu mótmæla fjárhæð bótakröfu. Til frádráttar bótum beri að taka tillit til annarra tekna, er stefnandi hafi fengið, svo sem atvinnuleysisbóta. Ekki verði séð, að stefnandi hafi orðið fyrir miska, og er kröfunni mótmælt sem ósannaðri, auk þess sem hún sé úr hófi. Þá er uppreikningi vaxta mótmælt svo og því, að sá hluti bóta, sem fari til greiðslu opinberra gjalda, beri vexti og dráttarvexti.

Niðurstaða.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi, að ráðning Elfu Daggar Einarsdóttur í auglýsta stöðu grunnskólakennara verði dæmd ólögmat. Hér að framan var það rakið, hvernig ráðningu hennar bar að. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra er óheimilt að ráða til kennslu við grunnskóla aðra en þá, sem fullnægja ákvæðum laganna. Óumdeilt er, að stefnandi fullnægir ákvæðum þeirra og hefur leyfi til að kalla sig grunnskólakennara. Þá er og upplýst, að Elfa Dögg fullnægði ekki skilyrðum laganna á þessum tíma. Í 3. mgr. 13. gr. laganna segir, að ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæli með umsókn grunnskólakennara, geti skólastjóri leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað heimildar hennar til að lausráða annan starfsmann. Þetta var það, sem gerðist varðandi umsókn stefnanda um stöðu grunnskólakennara í Skógum. Meiri hluti undanþágunefndar mælti með því, að undanþága yrði veitt fyrir ráðningu Elfu Daggar, og samkvæmt 5. mgr. nefndrar lagagreinar fór málið því til úrskurðar ráðherra, sem samþykkti undanþáguna með áritun á umsóknina, og er samþykkið dagsett 16. ágúst 1993.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var staðið að ráðningu Elfu Daggar að grunnskólanum í Skógum lögum samkvæmt, og var hún því lögmat. Ekki hefur fengist skýring á því, hvers vegna samþykki ráðherra er dagsett árið 1993, en meðal gagna málsins er bréf menntamálaráðuneytisins

um, að það hafi heimilað ráðningu hennar 16. ágúst 1992, og breytir dagsetning ráðherrans því engu um lögmæti ráðningarinnar.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á tveimur málsástæðum. Í fyrsta lagi hafi verið brotin ákvæði laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og í öðru lagi hafi réttindalaus leiðbeinandi verið tekinn fram yfir sig, er hafi réttindi sem grunnskólakennari. Hafi þetta valdið sér fjártjóni og miska, sem hann krefst, að sér verði bættur, eins og rakið var.

Samkvæmt 6. gr. jafnréttisлага er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og samkvæmt 2. tl. greinarinnar gildir þetta um ráðningu, setningu eða skipun í starf. Það er því næst til athugunar, hvort kynferði stefnanda hafi ráðið því, að hann var ekki ráðinn í stöðu grunnskólakennara í Skógum, en stefndu hafa haldið því fram, að svo hafi ekki verið, heldur hafi aðrar ástæður ráðið því.

Hér að framan var það rakið, að hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælti með umsókn stefnanda um stöðu grunnskólakennara. Af gögnum málsins má ráða, að það hafi verið eindreginn vilji skólastjóra og skólanefndar sem og stjórnar foreldrafélagsins, að Elfa Dögg yrði ráðin, en ekki stefnandi. Voru færð þau rök fyrir ráðningu Elfu Daggar, að hún hefði starfað við skólann sl. tvö ár og reynst vel í alla staði. Hún væri fóstura að mennt og hefði haft kennsluréttindi til að kenna yngstu börnunum, þar til breyting hefði orðið á því með nýjum grunnskólalögum, er gildi tóku 1. ágúst 1991. Þá hafi Elfa Dögg unnið að þróunarverkefni í móðurmálskennslu, og hafi skólastjórinn óskað eftir, að hún ynni áfram við það.

Svanhvít Magnúsdóttir var skólastjóri í Skógum, þegar stefnandi sótti um stöðuna. Hún bar fyrir dómi, að framangreindar ástæður hefðu ráðið því, að Elfa Dögg var ráðin, en ekki kynferði stefnanda. Þá kvað hún stefnanda ekki hafa notið trausts í sveitinni, og er það í samræmi við það, er fram kemur í bréfi skólastjórans og skólanefndarinnar til menntamálaráðuneytisins frá 25. september 1993. Í bréfinu kemur fram, að stefnandi hafi aftur sótt um stöðu við skólann vorið 1993, en annar karlmaður verið ráðinn. Síðan segir orðrätt: „Að lokum skal það tekið fram, að það er mat skólastjóra og skólanefndar, að það sé útilokað, að Vigfús verði ráðinn við skólann, þar sem hann nýtur ekki trausts til að sinna því starfi.“

Meðal gagna málsins er bréf, er Sigurður Sigurjónsson, þáverandi formaður skólanefndar, ritaði menntamálaráðuneytinu 14. mars 1995. Þar koma fram sömu rök fyrir ráðningu Elfu Daggar og að framan voru rakin, en um stefnanda segir, að hann „hefur verið búsettur hér í sveitinni, og okkur skólanefndarmönnum var því kunnugt um hagi hans. Skólanefndinni var þannig kunnugt um, að til rannsóknar hafði verið meint refsiverð hátt-

semi Vigfúsar. Þá hafði Vigfús átt í harðvítugum deilum um forræði yfir börnum sínum. Skólanefndinni var ljóst, að sveitungar og foreldrar nemenda í skólanum höfðu vitneskju um þessi mál, og það var ljóst af samtölum við foreldra í sveitinni, að Vigfús naut ekki trausts þeirra til kennslustarfa við skólá sveitarinnar.“ Fyrir dómi bar Sigurður á sama hátt, og kom fram hjá honum, að vitneskjan um ætlaða refsiverða háttsemi stefnanda hefði ráðið afstöðu hans í skólanefndinni til umsóknar stefnanda.

Fræðslustjóri Suðurlands bar fyrir dómi, að skólastjórinn hefði þrýst á um, að Elfa Dögg yrði ráðin vegna þróunarstarfsins, og hafi hann því talið, að faglega væri að ráðningu hennar staðið, og mælt með undanþágunni.

Hinni ætluðu refsiverðu háttsemi stefnanda, sem minnst hefur verið á hér að framan, er lýst þannig í greinargerð stefndu, að veturinn 1991 – 1992 hafi hann orðið „vitni að því, að tveir til þrír drukknir menn, er hann ók, misnotuðu í bílnum 14 – 15 ára gamla stúlku, og mun stefnandi hafa látið það átölulaust“. Var skorað á stefnanda að leggja fram lögregluskýrslu um þetta, en við því var ekki orðið. Lögmaður stefnanda ritaði hins vegar ríkissaksóknara bréf 1. febrúar sl. og óskaði eftir því, að upplýst yrði, hvort stefnandi væri nafngreindur í skýrslu sálfræðings til RLR, er mun hafa fjallað um framangreint athæfi, og hvort honum hafi verið borið á brýn að hafa misnotað umrædda stúlku kynferðislega. Svar ríkissaksóknara við báðum þessum spurningum var neitandi. Þá spurði lögmaðurinn um það, hvort gögn í vörslum ríkissaksóknara bentu með einhverjum hætti til þess, að stefnandi hefði með beinum eða óbeinum hætti gerst sekur um kynferðislegt brot gegn stúlkunni, og hvort því yrði með einhverjum hætti haldið fram, að hann hefði gerst sekur um hlutdeild í slíku broti. Þessu svaraði ríkissaksóknari svo: „Vegna rannsóknar á ætluðu kynferðisbroti var umbjóðandi yðar yfirheyrður af rannsóknarlögreglu 28. febrúar, 4. mars og 21. apríl 1992, og í öll skiptin var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Rannsóknin beindist að því að upplýsa um kynferðislega háttsemi gagnvart 15 ára stúlku, sem talið var, að fram hefði farið í bifreið, sem umbjóðandi yðar ók. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að umbjóðandi yðar hafi tekið þátt í hinni kærðu háttsemi.“

Með vísan til alls þess, sem hér að framan hefur verið rakið, telur dómurinn ósannað, að kynferði stefnanda hafi ráðið því, að hann var ekki ráðinn í umrædda stöðu, og er af þeim sökum þeirri málástæðu hans hafnað, að jafnréttislög hafi verið brotin á honum við ráðninguna.

Síðari málástæða stefnanda er sú, að réttindalaus leiðbeinandi hafi verið tekinn fram yfir sig við veitingu umræddrar stöðu.

Það er meginregla samkvæmt 13. gr. laga nr. 48/1986, að ráða skal kenn-

ara með réttindi sem grunnskólakennara. Undanþágur eru tvenns konar, annars vegar, þegar enginn með réttindi sækir um, og hins vegar, þegar hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður né fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara, eins og var í tilviki stefnanda, svo sem rakið var. Þá var einnig rakið hér að framan, að hvorki skólastjóri, skólanefnd né foreldrar barna vildu stefnanda sem kennara við grunnskólann í Skógum. Er upplýst í málinu, að þetta er í eina skiptið, sem undanþága hefur verið veitt réttindalausum manni, þegar kennari með réttindi sækir um starf.

Lagaskylda var ekki til að ráða stefnanda að skólanum, þótt hann væri með réttindi til starfsins og enginn réttindamaður sækti á móti honum. Staðið var með lögmatum hætti að ráðningu Elfu Daggar og henni veitt undanþága, eins og lög mæla fyrir um. Stefnandi ber ekki fyrir sig í málinu, að menntamálaráðuneytið hafi staðið að veitingu undanþágunnar með ómálefnalegum hætti eða á annan hátt þannig, að með því kunni stjórn-sýslureglur að hafa verið brotnar. Af framansögðu leiðir því, að ekki verður séð, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefndu, og verða þeir þess vegna sýknaðir af kröfum hans.

Við aðalflutning krafðist lögmaður stefnanda þess, að eftirfarandi setning í greinargerð stefndu yrði ómerkt: „Í þessu sambandi er skorað á stefnanda að leggja fram lögregluskýrslu vegna atburðar, sem átti sér stað veturinn 1991 – 1992, er hann varð vitni að því, að tveir til þrír drukknir menn, er hann ók, misnotuðu í bílnum 14 – 15 ára gamla stúlku, og mun stefnandi hafa látið það átölulaust.“ Þá krafðist lögmaðurinn þess, að dæmd yrðu viðurlög með vísan til e-liðar 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til þess, sem hér að framan var rakið um mál þetta, verður að átelja þessi ummæli, sem ekki hefur verið sýnt fram á, að eigi sér nokkra stoð. Hins vegar eru ekki efni til að gera umboðsmanni stefndu sekt vegna þeirra.

Málskostnaður á milli aðila skal falla niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, Vigfúsar Andréssonar.

Málskostnaður fellur niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 kr., auk virðisaukaskatts.